

**Verklagsreglur kjaranefndar
Reykjavíkurborgar staðfestar af borgarráði
16.01. 2025.**

1. Gildissvið

1.1. Kjaranefnd starfar á grundvelli 3. gr. reglna um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Reglurnar gilda um þá stjórnendur hjá Reykjavíkurborg sem falla undir 1. gr. reglnanna.

2. Hlutverk kjaranefndar

2.1. Kjaranefnd starfar í umboði borgarráðs og ákvarðar laun og önnur starfskjör þeirra sem undir nefndina falla, sbr. gr. 1.1.

2.2. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara stjórnenda skal kjaranefnd líta til launaþróunar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum almennt auk þess að líta til launa og launaþróunar sambærilegra hópa hjá ríkinu. Jafnframt skal kjaranefnd gæta jafnræðis- og jafnréttissjónarmiða við launasetningu. Kjaranefnd skal horfa til almennrar stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Við almennar launaákvæðanir skal kjaranefnd skilgreina viðmiðunarhópa og birta í úrskurði sínum tölulegar upplýsingar um breytingar á launum þeirra.

2.3. Kjaranefnd móttækur og afgreiðir eftir því sem við á athugasemdir og ábendingar frá þeim sem nefndin ákvarðar laun og önnur starfskjör fyrir.

2.4. Kjaranefnd skal kynna verklagsreglur þessar fyrir þeim sem undir nefndina heyra.

3. Laun

3.1. Kjaranefnd úrskurðar föst heildarlaun stjórnenda sem samsett eru úr grunnlaunum og föstum einingum sem ákvarðaðar eru í viðbótareiningakerfi.

3.2. Fastar einingar eru ákvarðaðar í viðbótareiningakerfi og eru til að mæta yfirvinnu og ótímabundu álagi sem starfi stjórnanda fylgir. Orlofslaun teljast innifalin í einingum.

3.3. Kjaranefnd skal ákvarða sérstakar launagreiðslur til þeirra stjórnenda sem falin eru aukastörf af borgarráði eða borgarstjóra. Hér er átt við störf sem ekki teljast hluti af reglubundnu starfi stjórnanda, s.s. nefndarsetur vegna óskyldrar starfsemi. Slíkar launagreiðslur skulu vera í formi eininga (viðbótarlauna).

3.4. Ef stjórnandi er tilnefndur af þriðja aðila til nefndarstarfa, er almennt gengið út frá því að sá aðili greiði sérstaka þóknun en ekki Reykjavíkurborg.

3.5. Kjaranefnd skal ákvarða orlofs- og desemberuppbót þeirra sem undir nefndina heyra.

4. Önnur ákvæði

4.1. Um önnur réttindi og skyldur stjórnenda gilda reglur um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og almennar samþykktir borgarráðs um starfskjör starfsmanna Reykjavíkurborgar.

5. Ákvæði til bráðabirgða

5.1. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar skulu þeir sem heyrðu undir eldri reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg, en eru ekki í hópi stjórnenda, sbr. 1. gr. gildandi reglna, heyra undir kjaraákvæðanir kjaranefndar nema þeir óski eftir að fara undir kjarasamning.

5.2. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra sem skilgreindir eru í gr. 5.1 skal líta til launaþróunar sambærilegra starfa hjá Reykjavíkurborg.